



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 4/2013

## Lénið leikjavaktin.is

### I.

#### Erindið

Með tölvubréfi Skynet ehf., sem rekur vefsíðuna vaktin.is, dags. 13. desember 2011, barst Neytendastofu kvörtun vegna skráningar og notkunar Paintball ehf. á léninu leikjavaktin.is.

Í kvörtuninni kemur fram að vaktin.is hafi verið stofnuð árið 2002, með það að leiðarljósi að gera verðsamanburð á tölvum og tölvutengdum hlutum. Vefurinn hafi vaxið og njóti mikilla vinsælda. Að meðaltali séu á milli 6000 og 7000 heimsóknir á dag á vefsíðuna. Þá séu seldar auglýsingar á síðunni.

Kaup Andrésar Daníels Kristjánssonar f.h. Paintball, á léninu leikjavaktin.is séu gerð í þeim tilgangi að setja upp verðsamanburð á tölvuleikjum. Hafi Skynet ekkert á móti því en vilji ekki að notuð sé skírskotun í vaktin.is.

Tilgangurinn með kaupunum á vefsíðunni sé að nota gott orðspor sem fari af vaktin.is og fá þannig hluta af þeirri markaðssetningu sem vaktin.is hafi staðið fyrir undanfarin ár. Þetta muni valda ruglingi. Neytendur muni telja að tengsl séu á milli leikjavaktin.is og leikja.vaktin.is/vaktin.is. Muni það augljóslega hafa slæm áhrif á vaktin.is.

Vaktin.is hafi auk þess undirlén, t.d. spjall.vaktin.is en þar sé virkur umræðuvefur um allt milli himins og jarðar. Annað undirlén sé mac.vaktin.is en þar séu umræður tengdar Apple. Vaktin sé í stöðugri þróun. Til dæmis hafi komið til álita að vera með verðvakt á tölvuleikjum og þá yrði slóðin leikja.vaktin.is en augljóst sé að leikjavaktin.is myndi stórlega trufla eða skaða þann möguleika.



Hafi Paintball áhuga á því að vera með verðsamanburð þá verði félagið að gera það í eigin nafni en ekki nafni sem rúmlega níu ára hefð sé fyrir. Farið sé fram á það að léninu leikja.vaktin.is verði lokað sem fyrst.

## **II. Málsmeðferð**

### **1.**

Erindi Skynet.is var sent Paintball til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 21. desember 2011. Í bréfi Neytendastofu kemur fram að ekki hafi verið vísað til ákvæða laga í erindinu en að mati Neytendastofu komi 5. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, til álita. Svar Andrésar Daníels Kristjánssonar f.h. Paintball barst Neytendastofu með tölvubréfi, dags. 23. desember 2011.

Í bréfinu segir m.a. að vakt/vaktin sé orð sem öllum sé heimilt að nota og vefurinn vaktin.is hafi verið til í níu ár og hafi á þeim tíma einblínt á aukahluti í PC tölvur. Á þessum tíma hafi einn leikur verið tekinn til verðkönnunar hjá fyrirtækinu. Leikjavaktin.is hafi ekki verið opnuð í þeim tilgangi að fara í samkeppni við Skynet. Paintball telji fyrirtækið ekki vera að taka neitt frá Skynet þar sem Paintball hafi allt annan markhóp. Skynet bjóði ekki upp á verðkönnun á leikjum en hefði getað gert það hefði sú hugmynd verið uppi á borðinu. Þá bjóði Skynet ekki upp á verðkönnun á leikjavélum og telji Paintball því að fyrirtækin séu ekki í samkeppni á því sviði.

### **2.**

Tölvubréf Paintball var sent Skynet til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 13. janúar 2012. Svar fyrirtækisins er dags. 19. janúar 2012. Þar segir að Skynet hafi aldrei verið á mótí verðsamanburði, hvorki á tölvuvörum, leikjum, matvöru eða bensíni. Mál þetta snúist ekki um samkeppni. Skynet hafi engan áhuga á að eignast lénið leikjavaktin.is enda eigi fyrirtækið leikja.vaktin.is.

Neytendastofu barst tölvubréf frá Skynet, dags. 20. janúar 2012. Í viðhengi voru auglýsingar sem finna mátti á bland.is. Vakin var athygli á því að í auglýsingunum var nafninu leikjavaktin skipt upp í tvennt, þ.e. „Leikja“ inni í bláum reit og „Vaktin“ þar fyrir neðan. Þeir sem líti snöggt á auglýsingarnar sjái „Vaktin ... Kauptu tölvuleiki á betra verði“.

### **3.**

Framangreind tölvubréf Skynet voru send Paintball til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 27. janúar 2012. Svar Paintball er dags. 1. febrúar 2012. Þar segir að auglýsingin sem sett hafi



verið á bland.is megi tengja misskilningi milli vefjanna tveggja og verði merkið ekki birt aftur með þeim hætti.

Vaktin.is og leikjavaktin.is séu ekki sami vefurinn hvort sem Skynet setji forskeyti fyrir framan eða ekki. Væri svo ætti Skynet rétt á evropuvaktin.is, laeknavaktin.is, tolvuvaktin, o.s.frv, en allt séu þetta vefsíður sem séu í notkun.

#### 4.

Með bréfum Neytendastofu til aðila málsins, dags. 10. febrúar 2012, var tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri lokið. Með bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

Með bréfi Neytendastofu til Skynet, dags. 1. mars 2012, var tilkynnt að vegna mikils málafjölda hjá stofnuninni yrðu fyrirsjáanlegar tafir á afgreiðslu málsins.

#### 5.

Með bréfi Neytendastofu til Skynet, dags. 27. september 2012, var þess óskað að upplýst yrði hvort óskað væri að Neytendastofa héldi áfram með málið þar sem í ljós hefði komið að skráður rétthafi lénsins væri nú Sólplast ehf., Sandgerði. Ekkert svar barst og var bréfið ítrekað með bréfi Neytendastofu til Skynet, dags. 4. desember 2012.

#### 6.

Með bréfi Skynet til Neytendastofu, dags. 13. desember 2012, segir að ekki skipti máli hver sé skráður rétthafi lénsins leikjavaktin.is, þar sem kvörtunin hafi ekki snúið að Paintball (nú PBF ehf.) heldur að rétthafa lénsins. Meðfylgjandi bréfinu voru gögn frá Ríkisskattstjóra og ISNIC sem sýna að Paintball eða PBF sé greiðandi að léninu.

#### 7.

Með bréfi Neytendastofu til málsaðila, dags. 12. febrúar 2013, var send ný gagnaskrá og jafnframt tilkynnt að stefnt væri að því að ljúka málinu innan tveggja vikna frá dagsetningu bréfsins.

### III.

#### Niðurstaða

#### 1.

Í máli þessu kvartar Skynet ehf. yfir skráningu og notkun Paintball ehf. á léninu leikjavaktin.is. Skynet hafi verið skráður rétthafi á léninu vaktin.is frá árinu 2002 og hafi skráningin verið gerð með það að leiðarljósi að gera verðsamanburð á tölvum og tölvutengdum hlutum. Tilgangur



leikjavaktin.is sé að setja upp verðsamanburð á tölvuleikjum. Skynet hafi ekkert á móti slíkum samanburði en vilji ekki að notuð sé skírskotun í heitið vaktin.is. Neytendur muni telja að um tengsl sé að ræða á milli leikjavaktin.is og leikja.vaktin.is/vaktin.is.

Paintball telur að orðið vakt/vaktin sé orð sem öllum sé heimilt að nota og að vefurinn vaktin.is hafi verið til í níu ár og hafi á þeim tíma einblínt á aukahluti í PC tölvur. Leikjavaktin.is hafi ekki verið opnuð í þeim tilgangi að fara í samkeppni við Skynet á þeim markaði. Paintball telji fyrirtækið ekki vera að taka neitt frá Skynet þar sem Paintball hafi allt annan markhóp. Skynet bjóði ekki upp á verðkönnun á leikjum en hefði gertað byrjað á slíku hefði sú hugmynd verið uppi á borðinu. Skynet bjóði heldur ekki upp á verðkönnun á leikjavélum og telji Paintball því að fyrirtækin séu ekki í samkeppni á því sviði.

## 2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 kemur fram að óréttmætir viðskiptahættir séu bannaðir. Bannið gildi áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er svohljóðandi:

*„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“*

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd. Ákvæðið felur í raun í sér tvenns konar reglu þar sem fyrri málslíður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á en 2. másl. felur í sér bann við því að nota eigið auðkenni þannig að ruglingshætta skapist við auðkenni annarra. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Af lögskýringargögnum sést glögg að ákvæðið skiptir máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þar kemur einnig fram að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti. Þetta ákvæði tekur því til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. másl. Annar másl. á við í þeim tilvikum sem báðir málsaðilar eiga rétt til auðkenna sinna og þarf þá að líta til þess hvort notkun þess sem seinna byrjaði notkun valdi ruglingshættu milli aðila.



Óumdeilt er að báðir aðilar hafa skráð þau lén sem eru til skoðunar í máli þessu, hjá ISNIC Internet á Íslandi, sem sér um skráningu léna undir landsléninu .is. Rétthafi lénsins vaktin.is er Skynet ehf. Rétthafi lénsins leikjavaktin.is er Sólplast ehf., en skv. gögnum frá Ríkisskattstjóra stendur að því fyrirtæki PBF ehf., áður Paintball ehf. og b.t. aðili er Andrés Daníel Kristjánsson.

Bæði fyrirtækin hafa því rétt til notkunar ofangreindra léna í skilningi 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Að mati Neytendastofu á því 2. málslíður 15. gr. a. við í málinu. Því skal litið til þess hvort ruglingshætta í skilningi 15. gr. a. sé fyrir hendi milli annars vegar lénsins vaktin.is og hins vegar leikjavaktin.is.

### 3.

Skv. þeim upplýsingum sem Neytendastofa hefur aflað sér má rétthafi léns bæta við heiti eða orði bæði fyrir framan og aftan lénsheitið. Sé því bætt við fyrir framan lénsheitið er settur punktur á milli viðbótarheitis og lénsheitis. Sé því bætt við fyrir aftan lénsheitið er það gert með skástriki fyrir framan viðbótarheiti. Slík lén eru kölluð undirlén. Þau má nota en ekki er hægt að fá þau skráð sem lén hjá ISNIC. Skynet hefur nýtt sér slík undirlén við lénsheitið vaktin, svo sem spjall.vaktin.is og mac.vaktin.is. Hvorki undirlénið leikja.vaktin.is né vaktin.is/leikjavaktin eru í notkun.

Bæði Skynet og Paintball eru fyrirtæki sem halda úti lénasíðum sem veita upplýsingar til neytenda. Á síðurnar selja fyrirtækin auglýsingar sem standa straum af rekstri síðanna.

Skynet heldur úti vefsíðunni vaktin.is. Þar má finna samanburð á verði á örgjörvum, vinnsluminni, skjákortum og skjáum, hörðum diskum, móðurborðum, aflagjöfum og tölvukössum. Lénið hefur verið starfrækt frá árinu 2002. Samkvæmt gögnum málsins er síðan uppfærð reglulega. Þrátt fyrir að í gögnum málsins komi fram að til hafi staðið að hafa inni á síðunni verðsamanburð á tölvuleikjum hefur það ekki verið gert.

Paintball heldur úti vefsíðunni leikjavaktin.is. Þar má finna samanburð á verði á leikjatölvum og tölvuleikjum. Samkvæmt gögnum málsins er síðan uppfærð reglulega.

### 4.

Samkvæmt íslenskri orðabók sem finna má á vefsíðunni snara.is þýðir orðið vakt m.a.:

*„Varsla, gæsla, varðgæsla, það að gæta e-s, aðgát, vaktmaður, varðmaður, vakthundur, varðhundur.“*

Að mati Neytendastofu hefur orðið svo almenna skírskotun að ekki er hægt að öðlast einkarétt á notkun þess sem hindri aðra til notkunar orðsins í viðskiptum.



Orðið vakt eða vaktin er að mati Neytendastofu lýsandi fyrir báðar vefsíðurnar þar sem tilgangur þeirra er að bera saman verð á sömu hlutum hjá ýmsum fyrirtækjum til upplýsingar fyrir neytendur.

Þá er til þess að taka að á vefsíðunni vaktin.is hefur lítið sem ekkert verið um verðsamanburð að ræða á leikjatölvum frá opnun síðunnar árið 2002. Þá lýsir forskeytið leikja- í orðinu leikjavaktin, hvað finna má á vefsíðunni. Eru því að mati Neytendastofu litlar líkur á því að ruglingur geti orðið á milli vefsíðanna vaktin.is og leikjavaktin.is. Þó svo ruglingur yrði á milli þeirra þar sem þær báðar hafa að geyma orðið „vaktin“ hefur það orð svo almenna skírskotun að ekki er hægt að öðlast einkarétt á notkun þess. Þá eru undirlén vefsíðunnar vaktin.is, með heitunum leikja.vaktin.is og vaktin.is/leikjavaktin ekki í notkun.

Að öllu framantöldu er það mat Neytendastofu að skráning og notkun Paintball á vefsíðunni leikjavaktin.is sé ekki brot á ákvæðum 5. gr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Er því ekki ástæða til frekari afskipta Neytendastofu af máli þessu.

#### IV.

#### Ákvörðunarorð:

**„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu Neytendastofu í máli þessu.“**

Neytendastofa, 28. febrúar 2013,

Tryggvi Axelsson  
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir